

Starfslýsing, aðstoðarmanneskja í mötuneyti

Starf

Aðstoðarmanneskja í mötuneyti starfsfólks

Næsti yfirmaður

Skólameistari

Starfshlutfall

35%

Tilgangur og markmið starfs

Að aðstoða og vinna með matráði mötuneytis starfsmanna. Meginverkefnið er undirbúningur hádegisverðar fyrir starfsmenn og frágangur í eldhúsi ásamt öðrum tilfallandi verkefnum, s.s. leysa af í forföllum matráðs.

Helstu verkefni

- Undirbúningur hádegisverðar fyrir starfsmenn
- Aðstoða matráð við að skipuleggja matseðil
- Frágangur í eldhúsi
- Taka til ávexti og hella upp á kaffi fyrir frímínútur að morgni
- Önnur tilfallandi störf eins og að taka til hressingu fyrir fundi

Ábyrgð

Aðstoðarmanneskja í mötuneyti ber ábyrgð á að aðstoða matráð og halda eldhúsi hreinu og snyrtilegu.

Menntun, reynsla og hæfni

Reynsla af störfum í eldhúsi, vera hugmyndarík, snyrtileg, eiga gott með samskipti og samstarf og hafa ríka þjónustulund. Starfsfólk framhaldsskóla skal hafa hreint sakavottorð skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008.

Annað

Aðstoðarmanneskju í mötuneyti er skylt að rækja starf sitt af alúð og samviskusemi. Hún skal koma stundvíslega til starfa og gæta kurteisi, lipurðar og réttisýni í starfi sínu og forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu og utan þess sem henni er til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á starfið eða starfsgreinina, sbr. 14. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Skylt er

Starfslýsing, aðstoðarmanneskja í mötuneyti

aðstoðarmanneskju að hlýða löglegum fyrirskipunum skólameistara um starf sitt, sbr. 15. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Áður en aðstoðarmanneskja í mötuneyti stofnar til atvinnurekstrar eða hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila samhliða starfi ber henni að skýra skólameistara frá því, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Aðstoðarmanneskju í mötuneyti er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hún fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, eðli máslins eða fyrirmælum skólameistara. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi sbr. 20. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.